

SAMÞYKKT**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu,
nr. 320 22. desember 1969.**

1. gr.

Við 33. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fenginni umsögn hreppsnefndar. Hreppsnefnd ákveður gjald fyrir leyfið, sem veitt skal til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09.00 til kl. 23.30. Í rekstrarleyfi getur lögreglustjóri bannað aðgang barna yngri en 16 ára.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. september 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR**um tollfrjálsan innflutning á verðlitlum sýnishornum.**

1. gr.

Sýnishorn af verslunarvörum og auglýsingaefni sem innflutningur er leyfður á til landsins skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning, að því tilskildu að verðmæti þeirra sé óverulegt og þau verði aðeins notuð til að ákveða eftir þeim pantanir. Í þessu sambandi skulu eftirtaldar vörur skoðast óverulegar að verðmæti hvort heldur þær eru fluttar inn í farangri innflytjanda eða ekki:

1. Hráefni og vörur eins og garn, dúkar (metravara), pappír, trjáviður, ódýrir málmar, marmari og aðrir minnismerkja- og byggingarsteinar, skornir í lengdir, arkir, klumpa, stykki o. s. frv., í þeim stærðum að varan sé ónothæf til annars en sem sýnishorn.
2. Naglar, stifti, lykkjur, kengir, sinklar, boltar og rær, fleinar, splitti og splittnaglar o. þ. h.; hnappar, smellur, ermahnappar, sylgjur, krókar og aðrir smáhlutir sem almennt eru notaðir til fata eða sem fataskraut, svo framarlega sem hlutir þessir séu úr ódýrum efnum og séu festir upp á spjöld eða lagðir fram sem sýnishorn á þann hátt sem venjulegt er í viðskiptum og ekki sé meira en eitt stykki af hverri stærð og tegund.
3. Hráefni og vörur eins og trjáviður, náttúrlegur eða pressaður korkur, pappír eða pappi, dúkar (metravara), flóki, leður, steinn, gúmmí og plastefni svo og fatnaður, skófataður, höfuðfatnaður og aðrir hlutir úr þessum efnum eða vörum sem gerðir hafa verið

ónothæfir til annars en sýningarnota með gegnumskurði, götun, óafmáanlegum merkjum eða með öðrum haldbærum aðferðum. Þetta á m. a. við alls konar pappír í settum og vörur úr pappír (t. d. umslög og aðrar ritfangavörur úr pappír til bréfaskrifta og veggfóður) sem gerðar eru ónothæfar til annars en sýningar með því að líma þær saman eða líma þær á berandi hlut úr algengu efni.

4. Vörur sem ekki er hægt að útbúa sýnishorn af óverulegu verðmæti í samræmi við það sem lýst er í 1.–3. tl. og samanstanda af
- óneysluhæfum vörum (sem notaðar eru aðeins til sýningar, t. d. vindlingakveikjarar, skrufblýantar o. s. frv.) sem ekki eru að fob-verðmæti meira virði en USD 3, svo fremi að ekki sé meira en eitt sýnishorn af hverri vörugerð eða vörugæðum;
 - neysluvörum (matvörur, drykkjarvörur, ilmvötn, kemisk framleiðsla o. s. frv. sem eyðast eða eyðileggjast með því að vera neytt, prófaðar, efnagreindar o. s. frv. við sýningu) sem að fob-verðmæti eru ekki meira virði en USD 3, jafnvel þótt sýnishornin séu að nokkru eða öllu leyti af sömu gerð og gæðum, enda útiloki magn þeirra og framsetning að þær verði notaðar öðruvísi en sem sýnishorn.

Þegar notuð eru ákvæði um jafnvirði USD 3 í a- og b-lið hér að framan mega tollyfirvöld hafa fyrir reglu að láta þau ná til einstaks sýnishorns eða allra sýnishorna í heild, þó þannig að þau séu samtals að fob-verðmæti ekki meira virði en USD 15.

2. gr.

Komi vara til landsins án þess að hún teljist ónothæf til annarra nota en sem sýnishorn, þ. e. að hún hefur ekki verið gerð ónothæf með gegnumskurði, götun, óafmáanlegum merkjum eða með öðrum aðferðum, má heimila eyðileggingu viðkomandi vöru sem verslunarvöru í viðurvist tollvarða og afhendingu til innflytjanda án greiðslu gjalda til notkunar sem sýnishorn.

Það skilyrði er þó sett fyrir framgreindri ívilnun að greinilega komi fram á vörureikningi hins erlenda sendanda eða öðrum tollskjölum að um sýnishorn og óverulegt verðmæti sé að ræða, sbr. 1. gr.

3. gr.

Um ákvörðun tollverðs sýnishorna gilda ákvæði 5.–7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Sýnishornaafsláttur, veittur af sýnishornum sem heimilt er að selja að lokinni sýningu, er því ekki frádráttarbær við útreikning á tollskyldu verðmæti vöru.

Sé fob-verðmæti sýnishorna meira en um ræðir í 1. gr., en sýnishornin uppfylla að öðru leyti skilyrði þessara reglna, er heimilt að telja flutningsgjald 10% af fob-verðmæti þeirra þrátt fyrir að flutningsgjald samkvæmt reikningi farmflytjanda sé hærra.

4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 49. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi fyrir mæli ráðuneytisins um sama efni frá 6. júlí 1971 og 14. mars 1975.

Fjármálaráðuneytið, 28. ágúst 1983.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.